

Ársskýrsla
kærunefndar
jafnréttismála
2024

**Ársskýrsla kærunefndar
jafnréttismála 2024**
Ársskýrslan er gefin út
samkvæmt 2. mgr. 11. gr.
laga nr. 151/2020, um
stjórnsýslu jafnréttismála.

Umsjón og ritstjórn:
Ari Karlsson

Útgefandi:
Kærunefnd jafnréttismála
Katrínartúni 2
105 Reykjavík
Netfang: knj@knj.is

Efnisyfirlit

Ávarp formanns	4
Hlutverk kæruneftndar jafnréttismála, aðild, kærufrestur og málsmeðferð	8
Skipan kæruneftndar jafnréttismála	9
Tölfræði mála	11
Niðurstöður mála á árinu 2024	20
Mál innan vinnumarkaðar	20
Ráðning/skipun. Kyn. (4)	20
Ráðning. Fötlun. (1)	21
Ráðning/skipun. Fjölbætt mismunun. (1)	21
Synjun um endurnýjun ráðningar. Trú. (1)	22
Uppsögn. Leiðréttingarkrafa. Launamismunun. Fjölbætt mismunun. (1) ...	22
Uppsögn. Fæðingar- og foreldraorlof eða aðrar aðstæður tengdar meðgöngu og barnsburði. (2)	23
Mál utan vinnumarkaðar	23
Mismunun vegna kynþáttar og þjóðernisuppruna. (1)	23
Frávísanir og endurupptökumál	24
Frávísun. (2)	24
Frávísun. Kærufrestur. (2)	24
Frávísun. Lögsaga. Lögvarðir hagsmunir. (2)	25
Endurupptaka. (1)	25
Málsmeðferðartími kæruneftndar jafnréttismála	26

Ávarp formanns

Skýrsla þessi er fjórða skýrsla kærunefndar jafnréttismála um störf nefndarinnar sem skilað er til ráðherra sem fer með jafnréttismál í samræmi við 2. mgr. 11. gr. laga nr. 151/2020, um stjórnsýslu jafnréttismála.

Á árinu bárust samtals 34 mál til nefndarinnar. Hafa aldrei jafn mörg mál borist á einu ári til nefndarinnar en fjölgun mála milli ára er um það bil 60%. Nefndin afgreiddi 18 mál á árinu. Í árslok var ólokið 32 málum, þ.e. fjórum málum sem bárust 2023 en 28 málum frá 2024.

Lög nr. 151/2020, um stjórnsýslu jafnréttismála, gilda um störf kærunefndar jafnréttismála þegar hún tekur til meðferðar kærur sem til hennar er beint eftir því sem mælt er fyrir um í þremur lagabálkum, þ.e. lögum nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 85/2018, um jafna meðferð utan vinnumarkaðar, og nr. 86/2018, um jafna meðferð á vinnumarkaði.

Kærunefndin er sjálfstæð og óháð í störfum sínum og sæta úrskurðir hennar ekki kæru til æðra stjórnvalds. Nefndin er skipuð þremur nefndarmönnum sem sinna starfinu í aukastarfi meðfram öðrum störfum. Einn löglærður ritari hefur verið nefndinni til aðstoðar sem sinnir því starfi í hlutastarfi meðfram öðrum störfum. Um skipan nefndarinnar, starfslið og aðsetur er frekar fjallað aftar í skýrslu þessari.

Starfsár nefndarinnar einkenndist annars vegar af breytingu á skipan og aðsetri hennar og hins vegar af miklum fjölda mála sem bárust nefndinni. Kristín Benediktsdóttir sem verið hafði formaður nefndarinnar frá ársbyrjun 2021 baðst lausnar frá störfum í september 2024 þegar hún var kjörin umboðsmaður Alþingis. Samtals úrskurðaði Kristín í 62 málum á starfstíma sínum auk þess að semja drög úrskurðanna. Til marks um aukin umsvif og álag á starfstíma Kristínar má benda á að hún úrskurðaði í um það bil 19% allra úrlausna kærunefndar jafnréttismála frá stofnun árið 1991 meðan hlutfall setu hennar í heildarstarfstíma nefndarinnar er rúm 11%. Eru hennar færðar bestu þakkir fyrir óeigingjarnt starf í þágu nefndarinnar og gott samstarf.

Aðsetur nefndarinnar færðist frá skrifstofu jafnréttismála til úrskurðarnefndar velferðarmála hinn 1. nóvember 2024. Var sett ný reglugerð nr. 1320/2024 um kærunefnd jafnréttismála vegna breytinga á aðsetri nefndarinnar. Flutningur aðseturs hefur í för með sér margvíslegar áskoranir og þá fyrst og fremst tæknilegar vegna flutnings málaskrár og gagna. Var flutningi gagna og málaskrár nefndarinnar lokið síðla desembermánaðar 2024. Höfðu því breytingar á skipan, aðsetri og starfsmannahaldi óneitanlega áhrif á störf nefndarinnar á síðasta ársfjórðungi.

Í ávarpi formanns í skýrslu nefndarinnar fyrir árið 2023 var bent á það að nefndin stæði á ákveðnum tímamótum sökum málsmeðferðartíma og fjölgunar mála fyrir nefndinni. Mikilvægt væri því að taka heildstætt til skoðunar þá umgjörð sem nefndin byggir við. Þegar skýrsla ársins 2023 var rituð höfðu nefndinni borist alls 17 mál. Í árslok 2024 hafði fjöldi mála sem bárust nefndinni hins vegar tvöfaldast. Í viðræðum við ráðuneyti sem fer með jafnréttismál um stöðu mála hefur nú verið brugðist við stöðunni með því að gera nefndinni kleift að ráða ritara í fullt starf tímabundið til eins árs. Standa því vonir nefndarinnar til þess að með aukinni aðstoð ritara takist að stytta málsmeðferðartíma fyrir nefndinni.

Lögbundinn frestur nefndarinnar til að úrskurða eftir að síðasta gagn liggur fyrir í máli samkvæmt 5. mgr. 9. gr. laga nr. 151/2020 er tveir mánuðir. Málsmeðferðartími nefndarinnar árið 2024 var að meðaltali 10,8 mánuðir frá kæru til úrskurðar. Að meðaltali liðu 6,2 mánuðir frá því að síðasta gagn lá fyrir í máli þar til kveðinn var upp úrskurður. Stóð málsmeðferðartíminn því nánast í stað milli ára. Þess ber þó að gæta að málsmeðferðartími þeirra mála sem nefndin tekur til efnislegrar meðferðar er mun lengri enda í meðaltali tekin með þau mál sem vísað er frá nefndinni.

Eins og sjá má af yfirliti yfir mál þau sem nefndin afgreiddi árið 2024 vörðuðu flest málin atvik innan vinnumarkaðar og þá einkum ráðningar og skipanir á grundvelli kyns. Í einu máli reyndi á aldur og kyn og í einu máli reyndi á hvort um mismunun á grundvelli fötlunar hefði verið um að ræða. Í tveimur málum var komist að þeirri niðurstöðu að umsækjanda hefði verið mismunað á grundvelli kyns, en ekki var fallist á brot í öðrum málum. Í tveimur málum reyndi á það hvort uppsögn hefði grundvallast á aðstæðum sem tengdust fæðingarorlofi eða barnsburði. Í öðru málinu reyndi á töku

fæðingarorlofs en í hinu málinu á meðgöngu maka og þjóðernisuppruna. Í einu máli reyndi á mismunun utan vinnumarkaðar, nánar tiltekið hvort nemanda hefði verið mismunað á grundvelli kynþáttar og þjóðernisuppruna með tilkynningu grunnskóla til barnaverndar sveitarfélags. Taldi nefndin að ekki hefði verið um brot að ræða. Þá var nokkuð um frávísanir á grundvelli þess að ekki lágu fyrir upplýsingar um atvik, kærufrestur var útrunninn eða að mál ættu ekki undir lögsögu nefndarinnar. Þá var kærða synjað um endurupptöku á fyrra máli nefndarinnar nr. 14/2022, þar sem skilyrði endurupptöku voru ekki uppfyllt.

Svo sem að framan er rakið varða flest mál ráðningar eða skipanir í störf. Þegar slík mál koma til skoðunar hjá nefndinni er óhjákvæmilegt að gögn sem varða aðra umsækjendur séu lögð fram fyrir nefndinni. Þessi gögn eru oft nokkuð mikil að umfangi, einkum þegar um er að ræða ráðningar hjá hinu opinbera.

Í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 151/2020 er mælt fyrir um þá meginreglu að þegar gögn eru lögð fyrir nefndina sem varða réttindi einstaklinga sem ekki eigi aðild að viðkomandi máli skuli fara með þau sem trúnaðarmál. Samkvæmt 2. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 1320/2024 ber aðilum sem láta nefndinni í té upplýsingar eða gögn sem að mati þeirra eiga að fara leynt að óska eftir því að farið verði með upplýsingarnar eða gögnin sem trúnaðarmál. Skal óskin rökstudd og tilgreint hvaða hluti gagnanna eða upplýsinganna sé að þeirra mati trúnaðarmál. Skal nefndinni einnig látið í té eintak af viðkomandi gögnum þar sem trúnaðarupplýsingar hafa verið felldar brott.

Þegar um er að ræða ráðningar í störf hjá framkvæmdarvaldshöfum ber að líta til þess að aðilar viðkomandi ráðningarmáls eiga almennt rétt á öllum gögnum og upplýsingum viðkomandi ráðningarmáls, þ.m.t. um aðra umsækjendur, á grundvelli 15. gr. stjórnsýslulaga. Við túlkun og beitingu 4. mgr. 10. gr. laga nr. 151/2020, þegar reynir á opinberar ráðningar, hefur nefndin við mat á því hvort fallast eigi á beiðni um trúnað litið til upplýsingaréttar sem kærandi nýtur sem aðili viðkomandi stjórnsýslumáls.

Í framkvæmd hefur hins vegar borið á því að stjórnvöld óski trúnaðar um gögn og upplýsingar um aðra umsækjendur í heild sinni eða að verulegu leyti umfram það sem heimilt er að gera á grundvelli stjórnsýslulaga. Kærunefnd hefur hins vegar ekki fallist á beiðni stjórnvalds

um að umsóknargögn annarra umsækjenda séu bundin trúnaði í heild sinni. Við slíkt mat hefur kærunefndin lagt til grundvallar sjónarmið sem birtast í framkvæmd umboðsmanns Alþingis um upplýsingarétt aðila máls, þ.m.t. um að afmá tilteknar upplýsingar úr umsóknargögnum sem varða einkahagsmuni viðkomandi umsækjanda.

Eins og áður segir afgreiddi kærunefndin 18 mál á síðasta ári, en í 12 þeirra var komist að efnislegri niðurstöðu. Var talið að um væri að ræða brot á jafnréttislögum í þremur þessara mála. Er það nokkur fækkun frá árinu þar á undan þegar það voru 44% þeirra, en hlutfallið var 30% árið 2023. Hlutfallið er hins vegar það sama og það var árið 2022. Hefur brotum á jafnréttislögum því hlutfallslega fækkað í úrskurðum ársins.

Nóvember 2025

[Ari Karlsson](#)

Hlutverk kæruneftndar jafnréttismála, aðild, kærufrestur og málsmeðferð

Kæruneftnd jafnréttismála er starfrækt á grundvelli III. kafla laga nr. 151/2020, um stjórnsýslu jafnréttismála. Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laganna er hlutverk nefndarinnar að taka til meðferðar kærur sem beint er til hennar eftir því sem mælt er fyrir um í lögum um jafnréttismál, sbr. 1. gr. laganna, og kveða upp skriflegan úrskurð um hvort ákvæði þeirra laga hafi verið brotin.

Með lögum um jafnréttismál er átt við lög nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, lög nr. 85/2018, um jafna meðferð utan vinnumarkaðar, og lög nr. 86/2018, um jafna meðferð á vinnumarkaði. Einstaklingar, fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök sem telja að ákvæði framangreindra laga hafi verið brotin gagnvart sér geta leitað atbeina kæruneftndar jafnréttismála, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 151/2020, um stjórnsýslu jafnréttismála. Erindi skulu berast nefndinni skriflega innan sex mánaða frá því að vitneskja um ætlað brot á lögum um jafnréttismál lá fyrir, frá því að ástandi sem talið er brot á hlutaðeigandi lögum lauk eða frá því að sá er málið varðar fékk vitneskju um ætlað brot, sbr. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 151/2020. Málsmeðferð fyrir kæruneftndinni er að jafnaði skrifleg en þó getur nefndin kallað málsaðila eða fulltrúa þeirra á sinn fund telji nefndin ástæðu til.

Kæruneftndin er sjálfstæð og óháð í störfum sínum og úrskurðir hennar sæta ekki kæru til æðra stjórnvalds. Úrskurðir nefndarinnar eru bindandi gagnvart málsaðilum en þeim er heimilt að bera úrskurði nefndarinnar undir dómstóla. Með lögum nr. 151/2020 kom inn það nýmæli að kæruneftnd jafnréttismála skuli stefnt ásamt kæranda til varnar í málum þar sem úrskurður er kæranda í hag en gagnaðili höfðar mál til ógildingar úrskurði. Ekki hefur enn reynt á aðild kæruneftndar fyrir dómstólum.

Skipan kærunefndar jafnréttismála

Um kærunefnd jafnréttismála er fjallað í III. kafla laga nr. 151/2020. Í 15. gr. laganna kemur fram að ráðherra sé heimilt að setja reglugerð, m.a. um störf kærunefndar jafnréttismála og skrifstofuhald, þ.m.t. um erindi til nefndarinnar, starfshætti, málsmeðferð og birtingu úrskurða. Á grundvelli ákvæðisins hefur ráðherra sett reglugerð um kærunefnd jafnréttismála, nr. 1320/2024, sem gildir um störf og skrifstofuhald kærunefndar jafnréttismála, sbr. 1. gr. reglugerðarinnar.

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 151/2020, um stjórnslu jafnréttismála, skipar ráðherra samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar þrjá fulltrúa í kærunefnd jafnréttismála til þriggja ára í senn, þar af bæði formann og varaformann. Þeir skulu allir hafa lokið embættis- eða meistara-prófi í lögfræði og a.m.k. tveir þeirra, þar á meðal formaður, hafa sérþekkingu á sviði jafnréttismála, þar af einn á jafnrétti kynjanna og einn á jafnrétti í víðtækari merkingu. Formaður og varaformaður, sem jafnframt er aðalmaður, skulu uppfylla skilyrði um embættisgengi héraðsdómara. Jafn margir varamenn eru skipaðir með sama hætti.

Kærunefnd jafnréttismála var fram til loka september 2024 skipuð þeim Kristínu Benediktsdóttur, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, sem var formaður nefndarinnar, Andra Árnasyni, lögmanni sem jafnframt var varaformaður nefndarinnar, og Ari Karlssyni lögmanni. Kristín Benediktsdóttir var kjörin umboðsmaður Alþingis, hinn 26. september 2024, og baðst hún lausnar frá setu í nefndinni í kjölfarið. Hinn 11. október s.á var Ari Karlsson skipaður formaður nefndarinnar og Maren Albertsdóttir, lögmaður, skipuð sem nefndarmaður í stað Kristínar.

Varamenn voru Sigurður Örn Hilmarsson lögmaður, Berglind Bára Sigurjónsdóttir, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu, og Anna Tryggvadóttir, skrifstofustjóri í mennta- og barnamálaráðuneytinu. Þá var Anna Mjöll Karlsdóttir lögfræðingur skipuð sem nefndarmaður *ad hoc* til setu í einu máli sem úrskurðað var í á árinu.


Kærunefnd jafnréttismála hafði aðsetur á skrifstofu jafnréttis- og mannréttindamála í forsætisráðuneyti og félags- og vinnumarkaðsráðuneyti fram til 1. nóvember 2024. Frá þeim degi fluttist aðsetur nefndarinnar til úrskurðarnefndar velferðarmála samkvæmt samkomulagi við ráðuneyti sem fer með jafnréttismál.

Ritari nefndarinnar 31. október 2024 var Ingigerður Bjarndís Írisar Ágústsdóttir, lögfræðingur á skrifstofu jafnréttis- og mannréttindamála. Undir lok ársins var Hervör Pálsdóttir lögfræðingur ráðin sem ritari nefndarinnar í hlutastarfi en hún tók til starfa í upphafi árs 2025.

Tölfræði mála


Árið 2024 voru 34 mál stofnuð í málaskrá kærunefndar jafnréttismála en aldrei hafa jafn mörg borist nefndinni á einu ári. Líkt og sjá má á meðfylgjandi skýringarmynd hafa aldrei fleiri mál ratað til nefndarinnar og á árinu 2024 þegar málum fjölgaði um 60% milli ára. Í nóvembermánuði 2025 þegar þessi skýrsla er rituð höfðu þegar borist 29 mál til kærunefndar jafnréttismála.

Mynd 1: *Fjöldi kærumála hjá kærunefnd jafnréttismála árin 1993–2024.*




Árið 2024 voru 18 mál afgreidd hjá kærunefnd jafnréttismála. Líkt og sjá má á næstu skýringarmyndum jókst hlutfall brota á jafnréttis-
lögum lítillega á árunum 2021–2023 en fækkaði nokkuð milli áranna 2023 og 2024.

Mynd 2: *Niðurstæða afgreiddra mála árið 2024.*




*Í einu mál var ekki fallist á brot vegna launamismununar en fallist á brot gegn banni við uppsögn.


Mynd 3: *Niðurstæða afgreiddra mála árið 2023.*



Mynd 4: *Niðurstaða afgreiddra mála árið 2022.*



Mynd 5: *Niðurstaða afgreiddra mála árið 2021.*



Tafla 1: *Mál stofnuð í málaskrá kærunefndar jafnréttismála árið 2024.*

Mánuður	Fjöldi mála
Janúar	5
Febrúar	0
Mars	3
Apríl	5
Maí	1
Júní	3
Júlí	0
Ágúst	3
September	6
Október	2
Nóvember	1
Desember	5
Samtals	34

Hér á eftir er yfirlit yfir mál sem bárust kærunefnd jafnréttismála á árunum 2021–2024, flokkuð eftir efni kæru og mismununarástæðu í sviga, niðurstöðu, kyni kæranda og stöðu kærða.

Tafla 2: *Yfirlit mála fyrir kærunefnd jafnréttismála 2021–2024.*

2024

Efni kæru	Niðurstaða	Kærandi	Kærði
Vinnuframlag (kyn).	Ekki brot	kk	Einkaaðili
Uppsögn/breyting á verkefnum að loknu fæðingarorlofi.	Brot	kk	Einkaaðili
Beiðni um endurupptöku máls.	Synjað	kvk	Einkaaðili
Afgreiðsla atvinnuumsóknar (þjóðerni).	(Ólokið)	kvk	Ríkið
Uppsögn í fæðingarorlofi.	Ekki brot	kvk	Sveitarfélag
Uppsögn. Leiðréttingarkrafa. Launamismunun (fjölþætt mismunun)	Brot/Ekki brot	kvk	Einkaaðili
Framkoma (utan vinnumarkaðar).	Frávísun	kvk	Einkaaðili
Starfslok. Meðganga.	(Ólokið)	kvk	Einkaaðili
Launamismunun.	Frávísun	kk	Einkaaðili

Uppsögn (kyn).	Frávísun	kvk	Ríkið
Synjun á launaðri fjarveru (kyn).	Ekki brot	kk	Einkaaðili
Ráðning. Kyn.	Frávísun	kvk	Ríkið
Áreitni. Kynþáttur.	Afturkallað	kk	Einkaaðili
Launamunur. Kyn.	(Ólokið)	kvk	Einkaaðili
Þjónusta. Þjóðernisuppruni.	(Ólokið)	kvk	Einkaaðili
Þjóðernisuppruni. Kynþáttur.	(Ólokið)	kk	Ríkið
Skipun. Aldur.	(Ólokið)	kk	Ríkið
Námsgögn.	Frávísun	kk	Sveitarfélag
Launamismunur. Kyn	(Ólokið)	kvk	Ríkið
Launamismunur. Kyn.	(Ólokið)	kvk	Ríkið
Lífeyrisréttindi. Aldur.	(Ólokið)	kk	Sveitarfélag
Uppsögn í fæðingarorlofi	(Ólokið)	kk	Einkaaðili
Afskipti lögreglu. Sjúkdómur. Fötlun.	(Ólokið)	kk	Ríkið
Ráðning. Kyn.	(Ólokið)	kk	Sveitarfélag
Setning. Kyn.	(Ólokið)	kk	Ríkið
Ráðning. Kyn. Aldur.	(Ólokið)	kk	Einkaaðili
Óljóst.	Frávísun	kk	Ríkið
Synjun um leyfi	Frávísun	lögaðili	Sveitarfélag
Ráðning. Fjölbætt mismunur.	(Ólokið)	kvk	Einkaaðili
Ráðning. Kyn.	(Ólokið)	kvk	Sveitarfélag
Ráðning. Kyn.	(Ólokið)	kvk	Ríkið
Ráðning. Hæfni. Aldur.	(Ólokið)	kk	Ríkið
Ráðning. Kyn.	(Ólokið)	kvk	Sveitarfélag
Opinber þjónusta. Fjölbætt mismunur.	(Ólokið)	kvk	Sveitarfélag

2023

Efni kæru	Niðurstaða	Kærandi	Kærði
Uppsögn (þungun maka)	(Ólokið)	kk	Einkaaðili
Ráðning (kyn)	(Ólokið)	kk	Ríkið
Ráðning (kyn)	Brot	kk	Ríkið
Ráðning (fötlun)	(Ólokið)	kvk	Ríkið
Synjun um endurnýjun ráðningar (trú)	Ekki brot	kk	Ríkið
Meðferð í skólastarfi (kynþáttur/ þjóðernisuppruni)	(Ólokið)	kk	Sveitarfélag

Uppsögn (leiðréttingarkrafa)	(Ólokið)	kvk	Einkaaðili
Ráðning (kyn og aldur)	Brot	kk	Ríkið
Brottrekstur úr meðferð (sjúkdómur)	Frávísun	kk	Félagasamtök
Skipun (kyn)	(Ólokið)	kk	Ríkið
Brottvikning	Frávísun	kvk	Félagasamtök
Uppsögn í fæðingarorlofi	(Ólokið)	kvk	Einkaaðili
Framkoma á vinnustað	Frávísun	kk	Einkaaðili
Ráðning (kyn)	(Ólokið)	kvk	Sveitarfélag
Uppsögn (leiðréttingarkrafa)	Afturköllun	kvk	Einkaaðili
Skipun í nefnd (kyn)	Frávísun	kvk	Sveitarfélag
Ráðning (kyn)	(Ólokið)	kk	Sveitarfélag
Ráðning (kyn)	(Ólokið)	kk	Ríkið
Skipun (kyn)	(Ólokið)	kvk	Ríkið
Beiðni um endurupptöku	Synjað	kvk	Félagasamtök
Skipulagsbreytingar /Uppsögn (aldur)	(Ólokið)	kk	Ríkið

2022

Efni kæru	Niðurstaða	Kærandi	Kærði
Ráðning (fötlun)	Ekki brot	kvk	Sveitarfélag
Launasetning (kyn)	Ekki brot	kk	Ríkið
Launasetning (kyn)	Afturkallað	kvk	Einkaaðili
Uppsögn í fæðingarorlofi	Brot	kvk	Einkaaðili
Ráðning (aldur)	Afturkallað	kvk	Ríkið
Launasetning (kyn)	Fellt niður	kvk	Einkaaðili
Launasetning (kyn)	Brot	kvk	Einkaaðili
Launasetning (kyn og þjóðerni)	Brot	kvk	Sveitarfélag
Uppsögn á meðgöngu	Brot	kvk	Einkaaðili
Ráðning (kyn og aldur)	Ekki brot	kvk	Sveitarfélag
Ráðning (kyn og aldur)	Ekki brot	kvk	Sveitarfélag
Ráðning (kyn)	Ekki brot	kvk	Ríkið
Uppsögn (þjóðernisuppruni)	Brot	kvk	Einkaaðili
Veiting þjónustu (fötlun)	Brot	kvk	Einkaaðili
Ráðning (þjóðernisuppruni)	Ekki brot	kvk	Sveitarfélag
Ráðning (kyn)	Brot	kk	Einkaaðili
Meðferð (aldur)	Frávísun	kk	Einkaaðili
Ráðning (fötlun)	Brot	kvk	Sveitarfélag

Ráðning (kyn)	Ekki brot	kk	Ríkið
Ráðning (fötlun)	Ekki brot	kk	Opinbert hlutafélag
Uppsögn í tæknifrjóvgunarferli	Ekki brot	kvk	Einkaaðili
Úthlutun úr sjóði (fötlun og skert starfsgeta)	Ekki brot	kk	Einkaaðili

2021

Efni kæru	Niðurstaða	Kærandi	Kærði
Ráðning (kyn)	Ekki brot	kk	Sveitarfélag
Uppsögn (kyn og þjóðerni)	Brot	kvk	Byggðasamlag
Ráðning (kyn)	Ekki brot	kk	Ríkið
Uppsögn (skert starfsgeta)	Ekki brot	kvk	Einkaaðili
Uppsögn (aldur)	Brot	kk	Opinbert hlutafélag
Ráðning (aldur)	Brot	kk	Ríkið
Ráðning (aldur)	Ekki brot	kvk	Ríkið
Skipun í nefnd (kyn)	Ekki brot	kvk	Ríkið
Úthlutun úr sjóði (aldur)	Afturkallað	kk	Ríkið
Ráðning (kyn og aldur)	Ekki brot	kk	Ríkið
Starfsréttindi (aldur)	Frávísun	kk	Einkaaðili
Ráðning (kyn)	Ekki brot	kk	Sveitarfélag
Uppsögn (aldur)	Frávísun	kk	Ríkið
Uppsögn (leiðréttingarkrafa)	Brot	kvk	Einkaaðili
Ráðning (kyn)	Ekki brot	kvk	Einkaaðili
Agaviðurlög (kyn)	Ekki brot	kk	Ríkið
Uppsögn (leiðréttingarkrafa)	Brot	kvk	Einkaaðili
Ráðning (kyn)	Ekki brot	kvk	Einkaaðili
Ráðning (aldur)	Ekki brot	kvk	Ríkið
Áreitni (kyn, trúarskoðanir)	Ekki brot	kvk	Einkaaðili

Tafla 5 sýnir fjölda mála og niðurstöðu í kærumálum á árunum 2021–2024. Í nóvember 2025 er enn ólokið 18 málum frá fyrra ári.

Tafla 5: *Fjöldi kæra fyrir kærunefnd jafnréttismála.*

	2021	2022	2023	2024
Kæurur	<i>20</i>	<i>22</i>	<i>21</i>	<i>34</i>
þar af:				
Brot	<i>5</i>	<i>8</i>	<i>2</i>	<i>1</i>
Ekki brot	<i>12</i>	<i>10</i>	<i>1</i>	<i>5</i>
Frávísun	<i>2</i>	<i>1</i>	<i>2</i>	<i>8</i>
Synjað um endurupptöku			<i>1</i>	<i>1</i>
Kæra afturkölluð af aðila	<i>1</i>	<i>2</i>	<i>0</i>	
Úrskurður afturkallaður			<i>1</i>	
Mál felld niður		<i>1</i>	<i>0</i>	<i>1</i>
Í vinnslu í nóv. 2025				<i>18</i>

Tafla 6 sýnir fjölda afgreiddra mála og niðurstöður þeirra á árunum 2021–2024.

Tafla 6: *Fjöldi afgreiddra mála fyrir kærunefnd jafnréttismála.*

	2021	2022	2023	2024
Mál	<i>14</i>	<i>11</i>	<i>22</i>	<i>18</i>
þar af:				
Brot	<i>3</i>	<i>3</i>	<i>8</i>	<i>3</i>
Ekki brot	<i>9</i>	<i>7</i>	<i>10</i>	<i>9</i>
Frávísun	<i>2</i>	<i>1</i>	<i>2</i>	<i>5</i>
Synjað um endurupptöku			<i>1</i>	<i>1</i>
Úrskurður afturkallaður			<i>1</i>	

Samkvæmt lögum nr. 151/2020, um stjórnslu jafnréttismála, geta einstaklingar, fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök leitað atbeina

kærunefndar jafnréttismála. Í töflu 7 eru mál flokkuð eftir málshefjendum.

Tafla 7: *Málshefjendur kærumála árin 2021–2024.*

Ár	Karl	Kona	Kynhlutlaus skráning*	Félagasamtök /stéttarfélag
2021	10	10		
2022	6	16		
2023	12	9		
2024	16	15		3

*Með lögum nr. 150/2020 varð sú breyting að lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna taka nú í heild sinni einnig til einstaklinga sem hafa hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá. Frá gildistöku laganna hefur ekki borist kæra frá einstaklingi með hlutlausa skráningu kyns til kærunefndarinnar.

Niðurstöður mála á árinu 2024

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir niðurstöðum mála sem var lokið á árinu 2024.

Mál innan vinnumarkaðar

Ráðning/skipun. Kyn. (4)

Mál nr. 16/2022 frá 10. janúar 2024 (A gegn Listaháskóla Íslands). Ráðning. Mismunun á grundvelli kyns. Fallist á brot.

A kærði ákvörðun L um að ráða konu í starf lektors við skólann. Talið var að leiddar hefðu verið líkur að því að kyn hefði haft áhrif á ákvörðun L um ráðningu konunnar, sbr. 4. mgr. 19. gr. laga nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Þá varð ekki séð að hlutlæg og málefnaleg sjónarmið hefðu legið til grundvallar ákvörðun L. Varð það niðurstaða kærunefndar að kærði hefði mismunað umsækjendum um starf á grundvelli kyns, sbr. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 150/2020. Var því talið að L hefði brotið gegn lögum nr. 150/2020.

Mál nr. 14/2023 frá 14. ágúst 2024 (A gegn Norðurþingi). Ráðning í starf. Mismunun á grundvelli kyns. Ekki fallist á brot.

A kærði ákvörðun N um að ráða karl í starf sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs sveitarfélagsins. Að mati kærunefndar hafði ekki verið sýnt fram á að kæranda hefði verið mismunað á grundvelli kyns við ráðningu í starfið. Var því ekki fallist á að N hefði gerst brotlegt við lög nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Mál nr. 10/2023 frá 19. ágúst 2024 (A gegn settum félags- og vinnumarkaðsráðherra). Skipun í embætti. Mismunun á grundvelli kyns. Ekki fallist á brot.

A kærði ákvörðun setts félags- og vinnumarkaðsráðherra um að skipa konu í embætti skrifstofustjóra. Að mati kærunefndar hafði ekki verið sýnt fram á að kæranda hefði verið mismunað á grundvelli kyns við skipun í embættið. Var því ekki fallist á að ráðuneytið hefði gerst brotlegt við lög nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Mál nr. 2/2023 frá 13. september 2024 (A gegn Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála). Ráðning í starf. Stjórnvald. Mismunun á grundvelli kyns. Ekki fallist á brot.

A kærði ákvörðun G um að ráða konu í starf yfirlögfræðings. Að mati kærunefndar hafði ekki verið sýnt fram á að kæranda hefði verið mismunað á grundvelli kyns við ráðningu í starfið. Var því ekki fallist á að G hefði gerst brotleg við lög nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Ráðning. Fötlun. (1)

Mál nr. 4/2023 frá 23. september 2024 (A gegn Menntasjóði námsmanna). Ráðning. Mismunun á grundvelli fötlunar. Ekki fallist á brot.

A, sem er með fötlun, kærði ákvarðanir M um ráðningar í störf ráðgjafa. Ekki var fallist á að A hefði leitt líkur að því að henni hefði verið mismunað á grundvelli fötlunar, sbr. 1. mgr. 8. gr., sbr. 1. mgr. 1. gr., laga nr. 86/2018, um jafna meðferð á vinnumarkaði. Var því ekki fallist á að M hefði gerst brotlegur við lög nr. 86/2018.

Ráðning/skipun. Fjölpætt mismunun. (1)

Mál nr. 8/2023 frá 5. júlí 2024 (A gegn Landspítala). Ráðning í starf. Stjórnvald. Mismunun á grundvelli kyns. Mismunun á grundvelli aldurs. Fjölpætt mismunun. Fallist á brot.

A kærði ákvörðun L um að ráða konu í starf lyfjafræðings í lyfjaþjónustu á klínísku þjónustusviði á þeim grundvelli að honum hefði verið mismunað á grundvelli kyns og/eða aldurs. Talið var að leiddar hefðu verið líkur að því að kyn og aldur hefðu haft áhrif á ákvörðun L um ráðningu konunnar, sbr. 4. mgr. 19. gr. laga nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, og 15. gr. laga nr. 86/2018, um jafna meðferð á vinnumarkaði. Þá varð ekki séð miðað við þau gögn sem lágu fyrir í málinu að hlutlæg og málefnaleg sjónarmið hefðu legið til grundvallar ákvörðun L. Varð það niðurstaða kærunefndar að kærði hefði mismunað umsækjendum um starf á grundvelli kyns og aldurs, sbr. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 150/2020 og 1. mgr. 8. gr. laga nr. 86/2018, en kærði hefði ekki fært nein rök fyrir því að mismunun á grundvelli aldurs hefði verið réttlætanleg, sbr. 12. gr. laga nr. 86/2018. Þá var fallist á að kærði hefði gerst sekur um fjölpætta mismunun, sbr. 1. mgr. 16. gr. laga nr. 150/2020 og 1. mgr. 7. gr. laga nr. 86/2018.

Synjun um endurnýjun ráðningar. Trú. (1)

Mál nr. 5/2023 frá 10. janúar 2024 (A gegn Lögreglustjóranum á Suðurnesjum). Synjun um endurnýjun ráðningar. Stjórnvald. Mismunun vegna trúar. Ekki fallist á brot.

A kærði ákvörðun L um að endurnýja ekki ráðningu kæranda í starf landamæravarðar en hann hafði starfað sem slíkur á reynslu í fjóra mánuði. Hélt kærandi því fram að honum hefði verið mismunað á grundvelli trúar, sbr. 1. mgr. 8. gr., sbr. 1. mgr. 1. gr., laga nr. 86/2018, um jafna meðferð á vinnumarkaði. Að mati kærunefndar hafði ekki verið sýnt fram á að kæranda hefði verið mismunað á grundvelli trúar við ákvörðunina. Var því ekki fallist á að L hefði gerst brotlegur við lög nr. 86/2018.

Uppsögn. Leiðréttingarkrafa. Launamismunun. Fjölbætt mismunun. (1)

Mál nr. 6/2024 frá 19. apríl 2024 (A gegn B). Uppsögn. Leiðréttingarkrafa. Launamismunun. Kyn. Kynþáttur. Þjóðernisuppruni. Fjölbætt mismunun. Ekki fallist á brot vegna launamismununar. Fallist á brot gegn banni við uppsögn.

A kærði ákvörðun B ehf. um að segja henni upp störfum í kjölfar þess að hún krafðist leiðréttingar á launum og kjörum sínum hjá B ehf. vegna mismununar á grundvelli kyns, kynþáttar og þjóðernisuppruna. Ekki var fallist á að A hefði leitt líkur að því að laun hennar og önnur kjör, sem leiðréttingarkrafa hennar laut að, hefðu verið ákvörðuð lægri fyrir sömu eða jafn verðmæt störf, sbr. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 150/2020 og 1. mgr. 9. gr. og 15. gr. laga nr. 86/2018. Í samræmi við þá niðurstöðu var ekki heldur talið að sýnt hefði verið fram á að A hefði orðið fyrir fjölbættri mismunun. Hins vegar var fallist á að hún hefði leitt líkur að því að henni hefði verið sagt upp störfum sökum þess að hún hefði krafist leiðréttingar á kjörum sínum vegna mismununar á grundvelli laga nr. 150/2020, sbr. 1. mgr. 20. gr. laganna, og laga nr. 86/2018, sbr. 1. mgr. 13. gr. laganna. Kom því í hlut kærða að sýna fram á að uppsögnin grundvallaðist ekki á leiðréttingarkröfu kæranda en að mati nefndarinnar hafði það ekki tekist hjá B ehf. Var því niðurstaða kærunefndar sú að A hefði verið sagt upp störfum sökum þess að hún hefði krafist leiðréttingar á grundvelli laga nr. 150/2020 og laga nr. 86/2018. Var B ehf. gert að greiða A málskostnað.

Uppsögn. Fæðingar- og foreldraorlof eða aðrar aðstæður tengdar meðgöngu og barnsburði. (2)

Mál nr. 12/2023 frá 8. ágúst 2024 (A gegn B ehf.). Uppsögn. Fæðingarorlof. Ástæður tengdar meðgöngu og barnsburði. Ekki fallist á brot.

A kærði ákvörðun B ehf. um að segja henni upp störfum. Hélt A því fram að uppsögnina mætti rekja til töku fæðingarorlofs. Að mati kærunefndar höfðu ekki verið leiddar líkur að því að uppsögn A hefði grundvallast á ástæðum sem tengdust töku fæðingarorlofs eða öðrum aðstæðum í tengslum við meðgöngu og barnsburð, sbr. 4. mgr. 19. gr. laga nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Var því ekki fallist á að B ehf. hefði gerst brotlegt við lög nr. 150/2020.

Mál nr. 1/2023 frá 20. ágúst 2024 (A gegn Grímsborgum ehf.). Uppsögn. Meðganga maka. Þjóðernisuppruni. Ekki fallist á brot.

A kærði ákvörðun G ehf. um að segja honum upp störfum. Hélt A því fram að uppsögnin tengdist annars vegar aðstæðum tengdum meðgöngu sambýliskonu hans og hins vegar þjóðernisuppruna hans. Samkvæmt uppsagnarbréfinu var ástæða uppsagnarinnar nauðsynlegar skipulagsbreytingar og fyrirsjáanlegur samdráttur en fyrir lá að tveimur öðrum starfsmönnum, íslenskum og erlendum, hafði verið sagt upp störfum, auk þess sem samningar 12 annarra voru ekki endurnýjaðir. Að mati kærunefndar höfðu hvorki verið leiddar líkur að því að uppsögn A hefði grundvallast á aðstæðum tengdum meðgöngu sambýliskonu hans, sbr. 4. mgr. 19. gr. laga nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, né þjóðernis hans, sbr. 15. gr. laga nr. 86/2018, um jafna meðferð á vinnumarkaði. Var því hvorki fallist á að G ehf. hefði gerst brotlegur við lög nr. 150/2020 né lög nr. 86/2018.

Mál utan vinnumarkaðar

Mismunun vegna kynþáttar og þjóðernisuppruna. (1)

Mál nr. 6/2023 frá 8. ágúst 2024 (A gegn B). Tilkynningarskylda. Mismunun vegna kynþáttar og þjóðernisuppruna. Utan vinnumarkaðar. Ekki fallist á brot.

A, sem hafði fengið lokabréf frá Barnavernd B í tilefni af tilkynningu X vegna háttsemi sonar hans, kærði þá ákvörðun skólans að tilkynna son hans vegna tiltekinnar háttsemi en ekki tvo aðra nemendur sem

hefðu haft upp sambærilega háttsemi við dóttur hans. Að mati kærunefndar var ekki talið að sýnt hefði verið fram á að í ákvörðun um tilkynningu til barnaverndar hefði falist mismunun á grundvelli kynþáttar og þjóðernisuppruna sem hefði beinst að syni kæranda. Var því ekki fallist á að B hefði gerst brotlegur við lög nr. 85/2018, um jafna meðferð utan vinnumarkaðar.

Frávísanir og endurupptökumál

Frávísun. (2)

Mál nr. 13/2023 frá 19. apríl 2024 (A gegn B ehf.). Framkoma á vinnustað. Frávísun.

Máli A gegn B ehf. var vísað frá kærunefnd þar sem ekki lágu fyrir upplýsingar um ákvörðun eða tilvik sem vörðuðu mismunun á grundvelli ákvæða laga nr. 86/2018, um jafna meðferð á vinnumarkaði.

Mál nr. 7/2024 frá 8. ágúst 2024 (A gegn B). Frávísun.

Máli A gegn B var vísað frá kærunefnd þar sem ekki lágu fyrir upplýsingar um hvernig háttsemi sú sem kæran beindist að tengdist þeim þáttum sem getið er um í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 85/2018, um jafna meðferð utan vinnumarkaðar.

Frávísun. Kærufrestur. (2)

Mál nr. 16/2023 frá 10. maí 2024 (A gegn B). Skipun nefndar. Aðild. Kærufrestur. Frávísun.

Kærandi kærði skipun umhverfis- og samgöngunefndar B og taldi hana brjóta gegn 28. gr. laga nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Þar sem kæranda skorti lögvarða hagsmuni af úrlausn málsins var málinu vísað frá nefndinni.

Mál nr. 9/2024 frá 14. ágúst 2024 (A gegn B). Frávísun. Kærufrestur.

Máli A gegn B var vísað frá kærunefnd þar sem kæran barst kærunefnd eftir að lögmæltur kærufrestur var liðinn.

Frávísun. Lögsaga. Lögvarðir hagsmunir. (2)

Mál nr. 12/2024 frá 14. ágúst 2024 (A gegn B). Frávísun. Lögsaga.

Máli A gegn B var vísað frá kærunefnd þar sem lögsaga kærunefndar jafnréttismála tók ekki til kæruefnisins.

Mál nr. 10/2024 frá 6. september 2024 (A gegn Háskóla Íslands). Frávísun. Lögvarðir hagsmunir.

Máli A gegn H var vísað frá kærunefnd þar sem ekki lágu fyrir endanleg lok máls kæranda hjá kærða.

Endurupptaka. (1)

Mál nr. 3/2024 frá 17. maí 2024 (A gegn Auðkenni ehf.). Fötlun. Viðeigandi aðlögun. Utan vinnumarkaðar. Endurupptaka.

Beiðni kærða um endurupptöku máls nr. 14/2022 var hafnað með vísan til þess að úrskurður kærunefndar í málinu hefði ekki verið byggður á röngum eða ófullnægjandi upplýsingum um málsatvik, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, sbr. einnig 1. tölul. 1. mgr. 14. gr. þágildandi reglugerðar nr. 408/2021, um kærunefnd jafnréttismála.

Málsmeðferðartími kærunefndar jafnréttismála

Tafla 5: *Málsmeðferðartími kærunefndar jafnréttismála árið 2024.*

Málsnúmer	Dags. kæru	Síðustu gögn	Dags. úrskurðar	Dagar frá kæru	Dagar frá síðustu gögnum
16/2022	3.11.2022	15.12.2023	10.1.2024	433	26
5/2023	4.4.2023	26.7.2023	10.1.2024	281	168
6/2024	19.9.2023	22.1.2024	19.4.2024	213	88
13/2023	30.8.2023	18.1.2024	19.4.2024	233	92
16/2023	29.9.2023	9.1.2024	10.5.2024	224	122
3/2024	17.1.2024	17.1.2024	17.5.2024	121	121
8/2023	11.5.2023	11.6.2024	5.7.2024	421	24
6/2023	21.4.2023	28.9.2023	8.8.2024	475	315
12/2023	13.7.2023	8.12.2023	8.8.2024	392	244
7/2024	16.3.2024	8.4.2023	8.8.2024	145	488
14/2023	5.9.2023	8.2.2024	14.8.2024	344	188
12/2024	24.4.2024	24.4.2024	14.8.2024	112	112
9/2024	29.3.2024	29.3.2024	14.8.2024	138	138
10/2023	19.6.2023	15.11.2023	19.8.2024	427	278
1/2023	13.1.2023	8.5.2024	20.8.2024	585	104
10/2024	13.4.2024	20.6.2024	6.9.2024	146	78
2/2023	15.2.2023	22.9.2023	13.9.2024	576	357
4/2023	16.3.2023	21.8.2023	23.9.2024	557	399
Meðaltal				324	186

Samkvæmt lögum nr. 151/2020, um stjórnslu jafnréttismála, skal kærunefnd jafnréttismála kveða upp úrskurð eins fljótt og auðið er og eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að gagnaöflun er lokið.

Málsmeðferðartími nefndarinnar árið 2024 var að meðaltali 324 dagar eða 10,8 mánuðir frá kæru til úrskurðar. Að meðaltali liðu 186 dagar eða 6,2 mánuðir frá því að síðasta gagn lá fyrir í máli þar til kveðinn var upp úrskurður. Var málsmeðferðartími á árinu nánast sá hinn sami og á árinu 2023 þegar hann var 182 dagar að meðaltali.

